

í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðförl að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Útvegsbanka Íslands h/f, framseldri til stefndanda. Hefir stefnandi 7. þ. m. kyrrsett útistandandi skuldir og verzlunaráhöld verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningargæðinni. Krefst hann þess að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld að upphæð kr. 21592,86 ásamt 8% ársvöxtum frá 1/3 þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 950,00 í málskostnað.

Stefndur, Ágúst Þórarinsson, mætti í réttinum, en hreyfði engum mótmælum gegn kröfu stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 950 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1933.

Nr. 103/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfarandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. þ. m., samkvæmt kröfu stefnanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar

Jóhannessonar í Reykjavík, í fasteignum í Skógarnesi, eign firmans Tang & Riis, til tryggingar kröfu hans á hendur firmanu, framseldri honum af firmanu H. Benediktsson & Co., að upphæð 1568 — eitt þúsund fimm hundruð sextíu og átta krónur 74 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu fasteignum til lúkningar skuldarupphæðinni ásamt 6% ársvöxtum af henni frá $\frac{1}{4}$ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 216 — tvö hundruð og sextán — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans.

Dómur hæstaréttar.

Pegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezbemaránaðar. En þegar það var þá aftur fyrir tekið, var ekki mætt af hálfu stefnda, og er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796. Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 1568,74 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á. og fjárnámi samkvæmt honum, er gert var 22. júní s. á. í fasteignum firmans Tang & Riis í Skógarnesi af fógetarétti sömu sýslu, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámssgerð, auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum

dómsathöfnum til breytingar sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn kr. 70.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 9. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við firmað H. Benediktsson & Co., framseldri til stefnanda.

Hefir stefnandinn 7. þ. m. kyrrsett fasteignir firmans Tang & Riis í Skógarnesi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum til dæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð á hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinnar umstefndu skuld, að upphæð kr. 1568,74 ásamt 6% ársvöxtum frá ½ þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 216,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum en hreyfði engum mótmælum gegn kröfu stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 216 kr. í málskostnað.
